

## Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga 2014

Skráning í skólann stendur yfir frá 15. mars til 15. apríl. Reglan „fyrstur kemur – fyrstur fær“ gildir við skráningar gegn greiðslu staðfestingargjalds, kr. 35.000 ef inntökuskilyrðum er fullnægt að öðru leyti. Náist ekki ásættanlegur fjöldi á eitthvert námskeiðanna fellur það niður. Aldurstakmark í skólann er 18 ár. Skólinn hefur sett sér reglur, m.a. um umgengni, reykingar og áfengisneyslu, sem nemendur samþykkja að fara eftir á starfstíma skólans.

### Starfstími skólans á þessu ári er frá 14. til 22. júní að Húnavallaskóla í Austur-Húnavatnssýslu

Skólasetning er laugardaginn 14. júní kl. 9.00 og hefjast námskeiðin strax þar á eftir. Nemendur eru velkomnir að Húnavöllum kvöldið fyrir skólasetningu, frá kl. 20.00, ekki er boðið uppá kvöldverð. Skólaslit eru kl. 12.00 sunnudaginn 22. júní. Viðurkenningarskjöl og merki skólans verða afhent við skólaslit. Aðstaða að Húnavöllum: Svefnherbergin eru búin 2 rúmum án rúmfata, skáp, litlu borði og tveim stólum. Góðum dýnum verður bætt inn á stærstu herbergin og þau þannig gerð þriggja manna. Nemendur hafi með sér handklæði, sæng og kotta ásamt rúmfötum, eða svefnpoka. Sundlaug og heitur pottur eru á staðnum. Haldið verður lokahóf síðasta kvöldið þar sem fólk klæðir sig uppá, kveður kennarana sína og skemmtir hvert öðru með dansi og söng.

*Þátttökugjald á öll námskeiðin er kr.78.000.* Gjaldið skal vera að fullu greitt 10 dögum fyrir skólasetningu. Innifalið í þátttökugjaldi er gisting, matur, kennsla og gögn.

*Staðfestingargjald er kr. 35.000.* Það greiðist við skráningu og er óendurkræft nema gegn framvísun læknisvottorðs. Hægt er að greiða símleiðis með greiðslukorti.

Meðlimum aðildarfélaga Bandalags íslenskra leikfélaga er bent á að félögin geta sótt um smá styrk til Bandalagsins ef þau senda nemendur í skólann.

#### *Kennarar skólans og starfsfólk:*

*Skólameistari — Dýrleif Jónsdóttir, dillajons@simnet.is*

*Skólameistari — Hrefna Friðriksdóttir, hrefnafr@hi.is*

*Leiklist I — kennari Ágústa Skúladóttir, agustaskula@gmail.com*

*Leiklist, sérnámskeið — kennari Rúnar Guðbrandsson, labloki@mmedia.is*

*Leikritun II — kennari Karl Ágúst Úlfsson, undur@internet.is*



# Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga


# 2014

## Húnavallaskóla, A-Húnavatnssýslu

## 14. - 22. júní

*Bandalag íslenskra leikfélaga, Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík, sími 551 6974,  
fax 562 2984, netfang info@leiklist.is, vefang www.leiklist.is*

## Kveðja frá skólanefnd



*Kæru leiklistarunnendur*

*Það er okkur sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin að Húnavöllum í sumar þar sem Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga verður settur í átjándu sinn þann 14. júní 2014.*

*Í ár er það markmið okkar að bjóða upp á fjölbreytt námskeið fyrir byrjendur jafnt sem og þá sem vilja treysta enn frekar þekkingu sína og reynslu. Til okkar koma þrautreyndir og þekktir kennarar sem hafa allir kennt hjá okkur áður við góðan orðstír. Ágústa Skúladóttir mun fara með byrjendum í öll grunnatriði í list leikarans á námskeiðinu Leiklist I. Rúnar Guðbrandsson verður með sérnámskeið fyrir lengra komna leikara með svipuðu sniði og boðið hefur verið upp á áður. Rúnar mun kynna mismunandi leikstíla og láta nemendur glíma við ólíkar aðferðir við að greina og túlka leikverk. Þá mun Karl Ágúst Úlfsson leiða leikskáldin áfram á sköpunarbrautinni á námskeiðinu Leikritun II.*

*Vonum að sem flestir hafi færi á að nema og njóta.*

*Hlökkum mikið til að sjá ykkur - með bestu kveðju  
Hrefna, Dýrleif, Gunnhildur, Herdís og Hrund.*

*Húnavallaskóli, eða Hótel Húnavellir eins og hann heitir á sumrin, er staðsettur í Húnavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu. Þangað eru 239 km. frá Reykjavík, 118 eða 156 km. frá Akureyri (eftir því hvaða leið er farin) og fjarlægðin frá Blönduósi er um 15 km.*

### Umsóknum skilað

*Umsóknum skal skila á netfangið [info@leiklist.is](mailto:info@leiklist.is) og um leið þarf að leggja staðfestingargjaldið, kr. 35.000.- inn á 334-26-5463, kt. 440169-0239. Eftirtaldir upplýsingar þarf að senda í tölvupósti: Hvaða námskeið er verið að sækja um, nafn umsækjanda, kennitala, heimilisfang, póstnúmer, bæjarfélag, netfang og símanúmer. Þar sem krafist er undirbúningsnámskeiða eða reynslu skal láta ferilskrá fylgja umsókn.*

## ALLT FYRIR ANDANN

Sameiningarsöngur Bandalagsfólks

Það mælti mín móðir  
Að mér skyldi kaupa  
Fleyg af fegursta víni  
En lát'eins og leikstjórinn  
– lítið mig staupa'  
En ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn  
Og bévítans sárin  
Í maganum, hvað ég er kvalinn  
Og gómana glepti'  
En ég gat gegnum tárin  
Brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son  
Ég er ykkar systkin, það er engin von  
Í heiminum fyrir handan  
Bandalagið  
Sem elding leiftri inni mér  
Mitt annað heimili er hér  
Er allt fyrir andann  
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn  
Við vandlega stöndum  
Um menningararfinn okkar  
Af hugsjónahita  
Á hrollköldum ströndum  
Íslands – því leikhúsið lokkar

Sá grátur, sú gleði  
Sá galdur að skapa  
Fegurð oft furðu vekur  
En ef ég er álitinn  
Ærunni tapa  
Af að leika er ljóst ég er sekur

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son ...

Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og  
Sigurður Illugason

Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson

## REGLUR

um umgengni í Húnavallaskóla  
á starfstíma Leiklistarskóla Bandalags  
íslenskra leikfélaga:

Nemendur sjá sjálfir um þrif á sínum  
herbergjum og gangi að öðru leyti vel  
um alla sameiginlega aðstöðu, svo sem  
skólastofur, ganga og salerni.

Reglur íslenskra heimavistarskóla um  
reykingar og áfengisneyslu gilda hér  
nema í þeim undantekningartilfellum  
sem skólastýrur ákveða.

Tillit skal taka til þeirra sem fara fyrr að sofa  
en aðrir á kvöldin. Svefnstygjum skal bent  
á að eyrnatappar eru þarfapungur þar sem  
margir ganga um á mismunandi tímum.  
Munið að ef öllum líður vel næst mesti  
hugsanlegi árangur í starfi og leik!

Skólastýrur tvær verða nemendum og  
kennurum til aðstoðar alla vikuna. Hikið  
ekki við að leita til þeirra ef eitthvað amar  
að. Þær heita Hrefna Friðriksdóttir og  
Dýrleif Jónsdóttir.

Ef þið eigið von á gestum í skólann sem  
þurfa mat eða gistingu skal skilyrðislaust  
fá leyfi hjá skólastýrum og starfsfólki  
skólans og er sá sem gestinn fær jafnframt  
ábyrgur fyrir greiðslum vegna þessa.

## Leiklist I – Grunnnámskeið Kennari Ágústa Skúladóttir

# 1

**Þátttökugjald: kr. 78.000**

**Tími: 14. til 22. júní 2014**

**Staður: Húnavallaskóli**

**Skráning hefst 15. mars og lýkur 15. apríl**

**Ágústa Skúladóttir** stundaði nám í París og London og var um tíma fastráðin leikstjóri hjá Þjóðleikhúsinu. Hún hefur einnig unnið ötullega með sjálfstæðum leikhópum, áhugaleikfélögum og starfað hjá Íslensku Óperunni.

Leiksyningar undir hennar stjórn hjá áhugafélögum hafa verið valdar til þess að fara á leiklistarhátíðir víða um heim, t.d. til Mónakó, Litháen, Suður Kóreu, Lettlands og víðar. Sýningar hennar í atvinnuleikhúsum hafa fengið fjölda tilnefninga til Grímu verðlaunanna og tvær þeirra, Klaufar og Kóngsdætur (2005) og Bólu Hjálmur (2009) hlutu Grímuna sem barnasýning ársins.

Ágústa hefur haldið fjölmörg námskeið, t.d. í Færeyjum og hjá Listaháskóla Íslands.

Þetta er í áttunda sinn sem Ágústa kennir við skólann.

**Námskeiðið er grunnnámskeið fyrir leikara og þeir ganga fyrir sem ekki hafa sótt Leiklist I. Næsta sumar verður haldið framhaldsnámskeið sem byggir á þessu námskeiði.**

Á námskeiðinu verður farið í grunnatriði í list leikarans. Lögð verður áhersla á að leysa úr viðjum frumorku, einlægni og sköpunargleði, samband leikarans við sjálfan sig, meðleikara og áhorfendur. Unnið verður með líkamsbeitingu og texta og einnig verður kíkt á mismunandi leikaðferðir eða leikstíla eins og t.d. trúðleik, harmleik, Bouffon og melodrama. Nemendur munu takast á við agann sem þarf að vera til staðar í stórum, stílfærðum hóp-senum en einnig verður farið í spuna í smærri hópum, tvíleik og stuttum einleikjum.

Mikilvægi liðsheildar hóps verður ríkjandi þáttur námskeiðsins því þegar hlustun og leikgleði ráða ríkjum getur allt gerst!

Mottó námskeiðsins: Einn fyrir alla – allir fyrir einn!!



**Umsóknum ásamt staðfestingargjaldi skal skila fyrir 15. apríl til Bandalags ísl. leikfélaga á netfangið info@leiklist.is. Skráning hefst 15. mars.**


**Umsóknum ásamt staðfestingargjaldi skal skila fyrir 15. apríl til Bandalags ísl. leikfélaga á netfangið info@leiklist.is. Skráning hefst 15. mars.**

**Pátttökugjald: kr. 78.000**

**Tími: 14. til 22. júní 2014**

**Staður: Húnavallaskóli**

**Skráning hefst 15. mars og lýkur 15. apríl**



**Rúnar Guðbrandsson** nam upphaflega leiklist í Danmörku og starfaði þar sem leikari um árabíl, með ýmsum leikhópum. Frekari þjálfun hlaut hann m.a. hjá Ódín leikhúsinu í Holsterbro, hjá leikhópi Jerzy Grotowskis í Wrocław í Póllandi, Dario Fo á Ítalíu, Jury Alschitz í Kaupmannahöfn og víðar, og Anatoly Vasiliev í Moskvu. Rúnar lauk MA og MPhil gráðum í leiklistarfræðum og leikstjórn frá De Montfort háskólanum í Leicester á Englandi og hefur lokið fyrri hluta doktorsnáms í fræðunum. Hann hefur leikstýrt fjölda leiksýninga hérlandis og erlendis og fengist við leiklistarkennslu og þjálfun leikara víða í Evrópu. Rúnar var fyrsti prófessor í leiktúlkun við Listaháskóla Íslands. Hann hefur rekið leiksmiðjuna Lab Loka síðan 1992, stjórnað þjálfun hópsins og stýrt flestum verkefnum hans hérlandis og erlendis. Hann hefur auk þess fengist við ýmis konar tilraunastarfsemi á vettvangi kvikmynda og gjörningalista. Þetta er í sjötta sinn sem Rúnar kennir við skólann.

**Sérnámskeið í leiklist, ætlað þeim sem sótt hafa Leiklist I og II og eða sambærileg grunnnámskeið eða hafa umtalsverða reynslu af sviðsleik.**

Á námskeiðinu verða kynntir mismunandi leikstílar og ólíkar aðferðir við að greina og túlka leikverk. Námskeiðið verður að hluta til fræðilegt, en einkum þó verklegt. Þátttakendum verða sendar stuttar senur til að kynna sér (og helst að læra utanað) áður en námskeiðið hefst. Hver dagur hefst síðan á fyrirlestri, fyrirspurnum og umræðum um tiltekinn leikstíl, því næst verður vorksjoppað í nokkra stund, þar sem allur hópurinn vinnur saman með æfingar og hugmyndir tengdar viðkomandi leikstíl. Seinni partinn vinnur fólk í smærri hópum og þorum með áður nefndar senur og spreytir sig á að beita þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið. Í lok dagsins verður svo afraksturinn skoðaður og ræddur. Síðustu dagana vinnur svo hver hópur (þör) eina senu í einum tilteknum stíl og flytur hana að lokum fyrir áhorfendur. Þeir leikstílar sem unnið verður með: Commedia dell'arte. Kerfi Stanislavskys (Stanislavskys system) og ameríska metóðan (The American method, t.d. hugmyndir Lee Strassberg, Stellu Adler, Sanford Meisner). Leikstíll Bertolds Brecht (Epíska leikhúsið). Fátæka leikhúsið, (Jerzy Grotowski). Dansleikhús. ... og hugsanlega eitthvað fleira. Auk leikatriðanna munu þátttakendur fá lesefni til fróðleiks og er æskilegt að þátttakendur séu læsir á enska tungu.

**Umsóknnum ásamt staðfestingargjaldi skal skila fyrir 15. apríl til Bandalags ísl. leikfélaga á netfangið [info@leiklist.is](mailto:info@leiklist.is).  
Skráning hefst 15. mars.**

**Pátttökugjald: kr. 78.000**

**Tími: 14. til 22. júní 2014**

**Staður: Húnavallaskóli**

**Skráning hefst 15. mars og lýkur 15. apríl**

**Karl Ágúst Úlfsson** lauk námi við Leiklistarskóla Íslands 1981 og meistaraþráðu í leikritun og handrita-gerð frá Ohio University 1994. Hann hefur starfað sem leikari, leikstjóri, þýðandi og höfundur við íslensk og erlend leikhús, útvarp, sjónvarp og kvikmyndir í yfir 30 ár. Karl stofnaði Spaugstofuna ásamt félögum sínum árið 1985 og hefur síðan skrifað hátt á fimmta hundrað handrit að sjónvarps- og útvarpsþáttum. Leikrit og söngleikir eftir hann hafa verið sett á svið bæði austan hafs og vestan. Hann hefur einnig kennt skapandi skrif og leikritun við Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Leiklistarskóla Færeyja og Mesa State College í Colorado. Þetta er í fjórða sinn sem Karl Ágúst kennir við skólann.



**Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa sótt Leikritun I eða sambærilegt námskeið eða hafa umtalsverða reynslu af ritun og vinnslu leiktexta. Einkum eru þeir sem eru með verk í smíðum, hvort sem það er komið langt á veg eða skammt, hvattir til að taka þátt í námskeiðinu og nýta sér jákvætt, skapandi og styðjandi andrúmsloft.**

Rifjaðar verða upp helstu grunnreglur leikritsins, en jafnframt farið allnáið í undirbúningsvinnu höfundarins, byggingarefni sögunnar og uppbyggingu lengri verka. Burtséð frá lengd verkanna sem höfundar verða með í smíðum munum við að endingu velja hluta hvers verks fyrir sig til fullvinnslu í samvinnu við leikara og leikstjóra.

**Umsóknnum ásamt staðfestingargjaldi skal skila fyrir 15. apríl til Bandalags ísl. leikfélaga á netfangið [info@leiklist.is](mailto:info@leiklist.is).  
Skráning hefst 15. mars.**